

## Bakgrunnur og umfang

Þessi yfirlýsing er gefin út af Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins („LSR“ eða „sjóðurinn“).

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) hefur verið innleidd í íslenskan rétt með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. SFDR reglugerðinni er ætlað að tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir. SFDR reglugerðin skilgreinir áhættu tengda sjálfbærni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá (UFS), sem gæti, ef upp kemur, haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Þessi yfirlýsing lýsir hvernig og hvort LSR tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. PAI<sup>1</sup>), samkvæmt 4. grein SFDR.

Þessi yfirlýsing tekur gildi 1. júní 2023. Hún er endurskoðuð að lágmarki einu sinni á ári.

## Lýsing á helstu áhrifum á sjálfbærni

Flestar tegundir atvinnustarfsemi geta haft ýmis áhrif á sjálfbærni, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð. Sjálfbærnisvísar eða PAI-vísar eru nýttir til að mæla hvernig fyrirtæki hafa neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti, en sjálfbærnisvísarnir snúa að UFS-þáttum, auk virðingu fyrir mannréttindum og baráttu gegn spillingu og mútugreiðslum.

## Neikvæð áhrif og fyrirhugaðar aðgerðir

SFDR reglugerðin krefst þess meðal annars að framleiðendur fjármálaafurða gefi upp hvort, og ef svo er, hvernig fjármálaafurðir og fjárfestingaákvæðanir þeirra taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa.

Í samræmi við 4. gr. SFDR reglugerðarinnar upplýsir LSR hér með að sjóðurinn tekur að svo stöddu ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og þeir birtast í 4. gr. SFDR.

Ástæða þess er sú að núverandi stefna um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar ásamt því vinnulagi sem sjóðurinn tileinkar sér er ásættanlegt og sniðið að fjárfestingarstefnu sjóðsins. LSR mun fylgjast með þróun á eftirliti m.t.t. SFDR og annarra gildandi laga og reglugerða sem miða að UFS-þáttum. LSR mun huga að neikvæðum áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti og upplýsa um, eins og SFDR mælir fyrir um, þegar fram líða stundir og þegar hægt verður að safna þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að hafa eftirlit með þessum sjálfbærniþáttum.

LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun en er jafnframt ábyrgur hluthafi. Sjóðurinn gerir kröfu um að fyrirtæki sem hann fjárfestir í starfi í samræmi við samfélagsleg gildi, viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og sýni ábyrgð í umhverfismálum. Sjóðurinn hefur eftirfarandi að leiðarljósi í þessari vinnu:

---

<sup>1</sup> Principal Adverse Impact

- Sjálfbærnistefnu LSR og stefnu LSR um ábyrgar fjárfestingar
- Eigendastefnu LSR
- Skuldbindingar LSR gagnvart Principles for Responsible Investments (UN PRI) og Climate Investment Coalition (CIC)
- Aðild að IcelandSif og Festu miðstöðvar um sjálfbærni
- Sameiginlega viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, lífeyrissjóða, fjármálastofnana um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar
- Mat á eignasafni út frá UFS-þáttum frá Reitun og Morningstar
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem LSR leggur áherslu á

Nánari upplýsingar um ofangreind atriði er að finna á heimasíðu sjóðsins, [www.lsr.is](http://www.lsr.is)

## Samantekt á Eigendastefnu LSR

Í eigendastefnu sjóðsins eru tilgreindir þeir meginþættir sem sjóðurinn beitir sér fyrir í stjórnarháttum fyrirtækja. LSR er stór og virkur fjárfestir sem horfir að jafnaði til langs tíma. Sjóðurinn leggur áherslu á gagnsæja upplýsingagjöf og uppbyggilegt samtal við þau félög sem fjárfest er í m.a. til að fylgjast með framvindu þeirra í umhverfismálum, félaglegum þáttum og stjórnarháttum (UFS) og hvetja þau, ef ástæða þykir, til að bæta sig í þeim málaflokkum. Jafnframt leggur LSR áherslu á að virkt eftirlit sé til staðar í þeim félögum og að áhættustýring sé fullnægjandi. Möguleg inngríp geta átt sér stað gagnvart útgefendum sem starfa ekki í samræmi við gildandi stefnur sjóðsins eða sýna mikla áhættutöku tengda sjálfbærni.

Sjóðurinn leggur áherslu á að bæði fjárhagsleg og ófjárhagsleg upplýsingagjöf félaga sé viðeigandi og afdráttarlaus. Mikilvægt er að félög sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir lögum og reglum sem um þau gilda og fylgi viðmiðum um gott viðskiptasiðferði.

Sjóðurinn leggur einnig áherslu á virka þátttöku á hluthafafundum og tekur virkan þátt í afgreiðslu þeirra mála sem þar koma til afgreiðslu, en sjóðurinn birtir yfirlit um beitingu atkvæðisréttar í skráðum félögum á vefsíðu sinni í kjölfar hvers fundar. LSR telur rétt að virkt samtal á milli útgefenda og fjárfesta liggi til grundvallar þeim ákvörðunum sem hluthafafundur tekur.

Nánari upplýsingar má finna í [Eigendastefnu](#) sjóðsins.

## Fylgni við alþjóðlega staðla

### Viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI)

LSR skrifaði undir viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar og þar með hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að horfa til umhverfismála, félagslgegra þátta og stjórnarháttanna við mat og ákvarðanir á fjárfestingum. Principles for Responsible Investment (PRI) eru alþjóðleg samtök fjárfesta sem vinna saman að því að innleiða tiltekin grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar og njóta til þess stuðnings Sameinuðu þjóðanna. Með aðildinni skuldbindur LSR sig til þess að fara að sex meginreglum UN PRI sem hafa það að markmiði að stuðla að sjálfbærni. Liður í aðild LSR að UN PRI er að skila árlegri framvinduskýrslu til samtakanna þar sem gerð er grein fyrir þeim ferlum innan sjóðsins er snúa að UFS-þáttum í fjárfestingum, þvert yfir eignaflokka.

### CIC – Climate Investment Coalition

LSR var einn þrettán íslenskra lífeyrissjóða sem skrifaði undir viljayfirlýsingu á vegum CIC en tilgangur þeirra samtaka er að stuðla að auknum fjárfestingum í hreinum orkugjöfum og umhverfisvænum lausnum. Með þátttöku sinni skuldbindur LSR sig til fjárfestinga í hreinum orkugjöfum til ársins 2030 og leggur þannig sitt á

vogarskálarnar til að markmiðum Parísarsáttmálans verði náð. CIC mun fylgjast með og mæla hvort þátttakendur í verkefninu standi við yfirlýst markmið og birta niðurstöður sínar árlega.

## Breytingaskrá

Dagsetning	Útgáfunúmer	Athugasemdir/breytingar
1.júní 2023	1.0	Yfirlýsing vegna neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. PAI) skrifuð. LSR tekur ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. LSR mun huga að neikvæðum áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti eins og SFDR mælir fyrir um þegar fram líða stundir og þegar hægt verður að safna viðeigandi gögnum.